



Óbyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík

Dagsetning 5. apríl 2024
Málsnúmer FJR24020051

Efni: Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra um þjóðlendur á svæði 12, eyjar og sker, endurskoðun kröfugerðar.

Við yfirferð á þeim gögnum sem fyrir liggja vegna kröfugerðar íslenska ríkisins við málsmeðferð óbyggðanefndar á svæði 12 (eyjar og sker) hefur komið í ljós að ekki liggja fyrir nægilega ítarlegar upplýsingar varðandi mörg af þeim svæðum sem kröfugerðin nær til.

Í þeim heimildum sem eru grundvöllur kröfugerðar ríkisins er getið um þúsundir eyja, skerja og sambærilegra eininga á hafsvæðinu umhverfis landið. Ekki verður alltaf ráðið af heimildunum eða af kortasjám hvort viðkomandi einingar séu í reynd innan eða utan svæðisins sem málsmeðferðin tekur til. Hafsvæðið hefur enda ekki verið kortlagt með sömu nákvæmni og meginlandið.

Þá verður að líta til að þess að margar minni landfræðilegra eininga í sjó eru ónafngreindar á kortum. Jafnframt á í einhverjum tilvikum sama örnefnið við um fleiri en eina einingu og jafnvel nokkrar innan saman svæðis.

Vegna skorts á nákvæmum gögnum var við gerð kröfulýsingar beitt svokallaðri útilokunaraðferð, þ.e. ekki var gerð krafa um svæði sem hægt þótti að útiloka með fullri vissu. Þetta hefur leitt til þess að kröfulýsing ríkisins fyrir eyjar og sker hefur í reynd tekið til fleiri svæða eða landfræðilegra eininga en ástæða er til og er í raun óþarflega rúm sem leitt hefur til gagnrýni og athugasemda.

Ljóst er að kröfugerð íslenska ríkisins kallar á umtalsverða vinnu fyrir landeigendur og aðra sem kunna að telja sig eiga réttindi á viðkomandi svæðum. Kröfugerð og eftirfarandi málsmeðferð sem byggist á ónákvæmum forsendum getur verið afar íþyngjandi fyrir þessa aðila. Þeirri spurningu mætti velja upp hvort svæðið hafi verið tækt til málsmeðferðar, í ljósi óskýrleika við afmörkun, m.a. út frá því hvar stórstraumsfjöruborð liggur.

Fram hafa komið nýjar kortaupplýsingar frá Landhelgisgæslunni sem og önnur gögn, sem gefa íslenska ríkinu tilefni til gagn Gerrar endurskoðunar á kröfugerð sinni vegna svæðis 12. Þá hafa verið sett fram málefnaleg rök um að kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra hafi gengið of langt. Fyrirsjáanlegt er að við endurskoðaða kröfugerð verði stórlega dregið úr fyrri kröfum á svæðinu.

Með vísan til þessa hefur fjármála- og efnahagsráðherra ákveðið að taka kröfugerð ríkisins á svæði 12 til ítarlegrar endurskoðunar í því skyni að útfæra afmörkun kröfusvæðisins og kröfulýsingarinnar með mun nákvæmari hætti. Leiðarljós við þá vinnu verði að skýra kröfur íslenska ríkisins eins og kostur er, fækka ágreiningsvæðum og einfalda málsmeðferð málsins fyrir alla aðila þess. Við endurskoðunina verði að vera tryggt að kröfugerðin standist almenn sjónarmið stjórnsýsluréttar um rannsókn máls og meðalhóf.

Ráðherra gerir þá kröfu til óbyggðanefndar að frekari málsmeðferð verði frestað að svo komnu máli þar til betri afmörkun málsmeðferðarsvæðisins (svæði 12) liggur fyrir af hálfu nefndarinnar. Tilkynning þar

um verði send landeigendum. Samhliða er þess krafist að ráðherra verði veittur frestur til að endurskoða kröfur ríkisins á grundvelli betri afmörkunar málsmeðferðarsvæðisins. Í kjölfarið verði landeigendum veittur frekari frestur til að skila sínum kröfum.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir